

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1992

Nr. 91

222

24. nóvember 1992

LÖG

um stofnun hlutafélags um Ríkismat sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna hlutafélag sem tekur við hluta af rekstri Ríkismats sjávarafurða. Nafnverð hlutafjár félagsins skal við stofnun þess vera 25.000.000 kr. — tuttugu og fimm milljónir króna — og er ríkissjóði heimilt að leggja það til. Í því skyni er ríkisstjórninni m.a. heimilt að leggja hlutafélaginu til eignir Ríkismatsins eða hluta þeirra. Mat skal fara fram á því lausafé. Niðurstaða þess mats skal metin sem hluti greiðslu fyrir hlutafjárloforð ríkissjóðs.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að annast ráðgjöf og reka skoðunarstofu í samræmi við reglur um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, svo og önnur skyld starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins. Í því skyni er félaginu heimilt að gerast eignaraðili að stofnunum eða öðrum félögum, þar á meðal hlutafélögum.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

3. gr.

Ríkissjóður er eigandi allra hlutabréfa félagsins við stofnun þess. Sjávarútvegsráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Heimilt er að selja öll hlutabréfin í félaginu eða hluta þeirra samkvæmt nánari ákvörðun hluthafa. Á fyrsta starfsári nýja félagsins er heimilt er að bjóða þeim mönnum, sem starfa hjá Ríkismati sjávarafurða við stofnun félagsins, hlutabréf til kaups á sérstökum kjörum og binda þá sölu sérstökum skilyrðum.

4. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með áorðnum breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið.

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

Matsverð þeirra fyrnanlegu eigna, sem félagið yfirtekur frá Ríkismati sjávarafurða skv. 1. gr., telst fyrningargrunnur eiðna, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr.

Stofnfund nýja hlutafélagsins skal halda fyrir lok desembermánaðar 1992 og skal félagið taka til starfa 1. janúar 1993. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, þar með talda skipan matsnefndar, sbr. 1. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. nóvember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 27. maí 1992, um Fiskistofu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málsl. 2. gr. laganna kemur nýr málslíður er orðast svo: Þá skal Fiskistofa hafa með hendi eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.